

**Ávarp forsetafrúar
Elizu Reid
á hádegisfundi
Félags kvenna í atvinnurekstri
8. mars 2017**

**VIÐ EIGUM EKKI AÐ ÓTTAST BREYTINGAR –
VIÐ BERUM ÁBYRGÐ Á ÁKVÖRÐUNUM OKKAR OG AFSTÖÐU**

Komið þið sælar og til hamingju með daginn.

Ég heyrði fyrst minnst á alþjóðadag kvenna þegar ég var rúmlega tvítug og vann hjá fyrirtæki skammt frá London. Ég hafði verið á vinnuferðalagi í Rússlandi stuttu fyrir jólin og nokkrum mánuðum síðar, á alþjóðadegi kvenna, sendu viðskiptavinir, sem ég hafði heimsótt þar eystra, mér stóra vodkaflösku í tilefni dagsins. Þessi sérkennilega sending hefur oft komið upp í hugann á þessum degi.

Ég viðurkenni að ég hef hlakkað til þess að ávarpa ykkur hér í dag. Vissulega höfum við líka konudag til að minna á kyn okkar en það er líka mikilvægt að halda í heiðri þennan alþjóðlega dag kvenna og nota hann til að fagna sigrum sem hafa unnist og minna okkur öll á þau verkefni sem eru framundan á sviði kynjajafnréttis.

En núna ætla ég umfram allt að tala við ykkur um reynslu mína í nýju hlutverki og það sem mig langar að áorka á þeim vettvangi. Binda má vonir við að hinn stafræni heimur varðveiti eitthvað af því sem ég hef fram að færa og kannski má ég eiga von á að þið bjóðið mér hingað aftur eftir nokkur ár og berið árangur þeirra ara saman við þær hugsjónir sem ég bar í brjósti og skoðið hvort mér hefur orðið eitthvað úr verki.

Ég byrja á að segja svolítið frá mér sjálfri. Ég kom til Íslands árið 2003 eftir að hafa stundað nám á Englandi. Ég flutti til Íslands af sígildri ástæðu, orðin ástfangin, og því var nauðsynlegt fyrir mig að skapa mér eigin ímynd í landinu eins fljótt og ég gæti þannig að mér fyndist ég ekki bara búa þarna vegna eiginmannsins – jafnvel þó að það hafi einmitt verið hans vegna sem ég flutti hingað – heldur vegna þess að ég gæti lifað hamingjusömu og ánægjulegu lífi á Íslandi.

Ég hugsaði svo sem ekki sérstaklega um Ísland út frá sjónarmiði kynjajafnréttis en reynsla mín á því sviði varð reyndar strax hagstæð Íslandi í samanburði við Bretland; sem dæmi má nefna að einu sinni var ég á námskeiði í

vinnunni minni þar og spurði um eitthvað og var svarað að ég skyldi ekki leggja það á fallega hausinn minn að hafa áhyggjur af því – ‘You shouldn’t worry your pretty head about that!’ Í Bretlandi urðu líka ýmsir vinnufélaga minna undrandi á að ég héldi því til streitu að fara ein í ferðalag um Mið- og Suðaustur-Asíu sem ég hafði skipulagt nú þegar ég væri búin að trúlofa mig. Sem nærri má geta dirfðist ég ekki að segja þeim að það var reyndar ég sem bar upp bónorðið og ekki unnustinn!

Hvað sem því líður þá liðu um það bil tólf ár frá því ég flutti til Íslands þangað til þessi mikla breyting varð á högum fjölskyldunnar í fyrra. Á þeim árum fór ég að vinna, stofnaði mitt eigið fyrirtæki, og líka, með annarri konu, Iceland Writers Retreat. Svo gekk ég í þennan ágæta félagsskap, Félag kvenna í atvinnulífinu. Það blés byrlega, áskoranirnar voru margar, nóg að gera og gaman – mér fannst ég vera mjög gæfusöm.

Svo gerðist það einn góðan veðurdag að frægt mál sem kennt er við Panamaskjölin fangaði athygli þjóðarinnar, eiginmaður minn var kallaður í RÚV og beðinn að tjá sig um það og þá fór af stað atburðarás sem á fáeinum vikum breytti öllu. Skyndilega átti Guðni þess kost að prófa eitthvað algerlega nýtt og sérstakt, axla verkefni sem hann trúði að hann gæti tekist á hendur og komið með því einhverju góðu til leiðar.

Við ákváðum að við skyldum reyna þetta og sjá hvað úr yrði. Sex vikum og nokkrum ferðalögum út á land síðar hófst glænýr kafli í lífi fjölskyldunnar.

Þetta gerðist allt mjög hratt en það höfðaði sterkt til mín strax frá upphafi að verða forsetafrú og leggja Guðna lið við að standa sig í slíku starfi. Ég hef alltaf haft áhuga á stjórnámálum, málefnum líðandi stundar og á þjónustu í þágu almennings. Foreldrar mínir segja mér oft frá því að þegar ég var átta ára hafi ég nauðað í þeim um að fá að vaka lengur svo ég gæti fylgst með úrslitum í þingkosningum í Kanada þó að úrslitin í það sinn hafi reyndar legið nokkuð ljós fyrir með löngum fyrirvara. Sumarið á undan bjuggum við á Englandi og þar fylgdist ég spennt með þingkosningum og vonaði að Margaret Thatcher mundi bera sigur úr bítum – vegna þess að hún var stelpa. Löngu síðar átti ég svo eftir að leggja stund á alþjóðasamskipti í grunnnámi í háskóla.

Hafandi verið forsetafrú Íslands í sex mánuði get ég fullyrt að það eru gríðarleg forréttindi og heiður að gegna því hlutverki. Enginn dagur er öðrum líkur og ég öðlast innsýn í margar áhugaverðar hliðar samfélagsins. Mér finnst skemmtilegt að hitta alls konar fólk og finna hve ríkan þátt margir taka í ýmsu starfi og í þjóðfélaginu almennt. Þegar ég ferðast erlendis finnst mér líka gaman að tala um Ísland við hérumbil alla sem ég hitti.

Jafnframt því að gera mér far um að vera virk sem forsetafrú held ég áfram að reka fyrirtæki mitt. Þó að ég hafi dregið mig út úr flestum verkefnum held ég

áfram að sinna þessu “fimmta barni” mínu, Iceland Writers Retreat, bæði vegna þess að mér finnst það svo skemmtilegt en líka vegna þess að – svo ég vitni í vinsælan leiðtoga úr heimalandi mínu – nú er árið 2017 og ég ætla ekki að hætta að vinna bara vegna þess að maki minn réð sig í nýja vinnu.

Margir spyrja mig í hverju mesta breytingin felist fyrir mig og það er raunar eitt atriði sem kemur helst upp í hugann: Skyndilega er ég nú komin í sviðsljósið vegna einhvers sem maðurinn minn hefur gert, sem sagt ekki vegna einhvers sem ég hef gert sjálf. Og þá er ég auðvitað ekki að reyna að gera lítið úr því hvernig ég styð hann í hans hlutverki.

Rétt eins og þegar ég flutti til landsins og fannst brýnt að ég ætti mína eigin sjálfmynd, hlýt ég þá ekki núna, þegar ég er skyndilega orðin þekkt sem “frú” mannsins míns, að reyna að gera það hlutverk að mínu eigin, sérstaka hlutverki? Ég vil ekki bara vera þekkt sem konan hans Guðna, jafnvel þó að ég geti verið stolt af því hlutverki á sama hátt og ég er stolt af að vera mamma hans Duncans eða mamma Eddu. Hefð er fyrir því að forsetafrúin gegni einhvers konar opinberu hlutverki þannig að ég upplifi það þannig að ég sé að setja mitt mark á það hlutverk.

Örlögin haga því þannig að við Guðni eigum þess nú kost að láta gott af okkur leiða. Það er ekki til nein handbók um hvað forsetafrú gerir -- eða segjum frekar: maki forseta. En ég leitast við að sýna að ég er ekki bara brosandí fylgifyrkur í fallegum fötum. Ég reyni að verða við eins mörgum beiðnum um ávörp, viðtöl, fundi og önnur verkefni og ég get. Og ég get nefnt í því samhengi að í næstu opinberu heimsókn okkar mun ég halda ræðu um kynjajafnrétti í íslensku ljósi.

Það sem ég stend frammi fyrir er þrátt fyrir allt tækifæri til að sýna að þegar hjón standa í sviðsljósi fjölmiðla er ekkert sem segir að annað þeirra þurfi nauðsynlega alltaf að þegja og brosa.

Úr því ég er svona sérlega heppin að vera gift þjóðhöfðingja þá ætla ég að nota þá stöðu til að reyna að vekja athygli á mikilvægum málefnum, til að mynda með því að taka virkan þátt í atburðum og með því að vera verndari góðgerðafélaga á borð við SOS barnaþorp, Pieta Ísland, Alzheimerfélagið og Samtök lungnasjúklinga. Mér er mikið í mun að fólk viti að ég á mér eigin rödd.

En víkjum aftur að viðhorfum og afstöðu. Smá játning: Ég vissi reyndar ekki að þessi setning – við berum ábyrgð á ákvörðunum okkar og afstöðu – yrði notuð sem fyrirsögn ræðu minnar. Ég er ekki mikið fyrir slagorð en leyfið mér að útskýra ...

Mamma mín hefur gaman að sterkum og áhrifaríkum setningum. Á snyrtingunni á gömlum sveitabæ foreldra minna hefur hún fest eftirfarandi áletrun á vegg, ég ætla að lesa hana á ensku:

“The longer I live, the more I realize the impact of attitude on life. Attitude, to me, is more important than facts. It is more important than the past, than education, than money, than circumstances, than failures, than successes, than what other people think or say or do. It is more important than appearance, giftness or skill. It will make or break a company, a church, a home. The remarkable thing is we have a choice every day regarding the attitude we will embrace for that day. We cannot change our past; we cannot change the fact that people will act a certain way. We cannot change the inevitable. The only thing we can do is play on the one string we have, and that is our attitude. I am convinced that life is 10% what happens to me and 90% how I react to it. And so it is with you ... we are in charge of our attitudes.”

Ég er í megindráttum sammála þessari nálgun en þó með þeim fyrirvara að hér er í raun talað til persónu sem tilheyrir miðstétt í þróðu, friðsælu landi.

Mér finnst ég vera heppin að hafa jákvætt viðhorf í þessum skilningi. Og ég held að það sé mikilvægt að maður taki því sem lífið færir manni til að móða úr og reyni að nýta það eins vel og hægt er.

Ég er stolt af því að hafa sest að í nýju landi, lært tungumálið, stofnað eigið fyrirtæki og lagt eitthvað af mörkum til samfélagsins á mínum eigin forsendum. Og ég skammast mín ekkert fyrir að segja að ég sé stolt af þessu. Maður þarf ekki að vera með mont en við konur þurfum á því að halda að tala hreint út um þann árangur sem við náum og ákveða að vera stoltar af því sem við gerum; og þannig gengur okkur betur að vera fyrirmyndir fyrir dætur okkar – og syni líka. Þetta er jákvæður boðskapur og sem forsetafrú langar mig að miðla honum til annarra.

Að lokum: Ég óska ykkur öllum til hamingju með daginn.